

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 17/2000**

**frá 28. janúar 2000**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum  
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 31 var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/1999 frá 26. febrúar 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Við hæfi er að útvíkka samstarf samningsaðila til þess að það nái til áætlunar til margra ára um rannsóknir, greiningar, spár og skylda starfsemi á sviði orkumála (1998-2002) (ETAP-áætlun) (ákvörðun ráðsins 1999/22/EB<sup>2</sup>).
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að fyrirnefnt útvíkkað samstarf geti hafist 1. janúar 2000.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 148, 22.6.2000, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 22.6.2000, bls. 255.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 7, 13.1.1999, bls. 20.

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 14. gr. bókunar 31 við samninginn:

1) Eftirfarandi nýrri grein er skotið inn:

„2b. EFTA-ríkin skulu, frá og með 1. janúar 2000, taka þátt í þeim bandalagsáætlunum sem um getur í d-lið 5. mgr. og í aðgerðum sem þar um ræðir.“;

2) „a-, b-, c- og d-liður 5. mgr.“ komi í stað „a-, b- og c-liður 5. mgr.“;

3) eftirfarandi bætist við í 5. mgr.:

„d) **399 D 0022:** Ákvörðun ráðsins 1999/22/EB frá 14. desember 1998 um samþykkt áætlunar til margra ára um rannsóknir, greiningar, spár og skylda starfsemi á sviði orkumála (1998-2002) (ETAP-áætlun) (Stjtið. EB L 7, 13.1.1999, bls. 20).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. janúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2000.

---

(\* ) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna. Gildistökudagur: 1.8.2000.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. janúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*